

Sveitarfélagið Hornafjörður
Ásgerður K. Gylfadóttir,
bæjarstjóri
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði



Reykjavík, 20. mars 2014
Tilvísun: UST20140200156/bs

Deiliskipulag - tillaga - Stafafellsfjöll. Umsögn

Vísað er til bréfs Sveitarfélagsins Hornafjarðar dags. 14. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að deiliskipulagi.

Hér er að ræða að 15 lóðum er bætt við sumarhúsabyggð í Stafafellsfjöllum.


Í greinargerð kemur fram hvaða markmið verða höfð að leiðarljósi í skipulagi sumarhúsabyggðarinnar. Þar segir m.a.: „*Fjallshlíðum verði hlíft við frekari byggingum og vegum eins og kostur er. Fremur verði byggt á undirlendi og þar sem hús falla vel að landi.*“


Umhverfisstofnun telur rétt að leggja áherslu á að minnka sjónræn áhrif sumarhúsabyggðarinnar með því að draga úr húsbyggingum í fjallshlíðinni. Umhverfisstofnun telur að Sveitarfélagið Hornafjörður ætti að leggja enn frekari áherslu á verndun landslags í Lóni, með því að hindra frekari fjölgun sumarhúsa á þessu svæði, en Lón og Lónsöræfi þykja henta vel til útivistar, sérstaklega til lengri og skemmri gönguferða. Einnig ætti að leggja áherslu á verndun birkikjarrs og stuðla frekar að endurheimt þess konar gróðurlendis og takmarka notkun hávaxinna trjátegunda í sumarhúsabyggðinni.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur